

**Ed.**

**463. Frumvarp til laga**

[128. mál]

um búfjánhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjánhald á þessum stöðum.

Með búfjánhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjánhald svo og alifuglarækt.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjánhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tilekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins).

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjánhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjánhald óheimilt án slíks leyfis. Skytt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjársins skulu hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjánhalds og fara með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjánhaldi, þannig að bóttum varði, og skal þá greiða bæt看 úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjánhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.